

## Flugslysaæfing.

Ýmis verkefni vegna flugslysaæfingar og hver gerir hvað. Þetta eru helstu minnisþingir er ekki endanleg upptalning.

### **Aðdragandi flugslysaæfingar:**

- ° Hvar á næsta flugslysaæfing að vera..
- ° Kanna undirtektir staðarmanna/kynna æfingu, tímasetningu ofl.
- ° Kanna undirtektir SAS(ráðgjafa)hópsins og kynna málið.
- ° Ákveða tíma æfingar.
- ° Hver sér um að boða heimamenn.

### **Hverjir taka þátt í flugslysaæfingum:**

- ° Allir viðbragðsaðilar sem skráðir eru sem slíkir í viðbragðsáætlun viðkomandi flugvallar. Finna má flugslysaáætlunina allra áætlunarflugvalla á netinu undir: *almannavarnir.is* , undir "Viðbragðsáætlanir" og síðan "Séráætlanir". Þar má undir kaflanum 4.0 Boðun sjá hverjir eru kallaðir út undir „Neyðarstig-Land“. Allir þeir staðaraðilar sem þar eru upp taldir eru boðaðir til æfingarinnar.

### **Tengiliður heimamanna:**

- ° Lögreglustjóri sér til þess að skipaður sé tengiliður heimamanna sem sér um tengsl milli þeirra og fulltrúa Isavia. Verkefni hans er að redda ýmsum hlutum og eða koma verkefnum í farveg. Hann þarf ekki að gera allt sjálfur en deilir verkefnum á heimamenn eftir aðstæðum hverju sinni.

### **Aðstandendur:**

- ° Hver útvegar aðstandendur.
- ° Fjöldi aðstandenda.
- ° Fræðsla og skipulag fyrir aðstandendur.
- ° Hver heldur utanum aðstandendur á æfingunni.

### **Leikarar:**

- ° Útvega einhvern sem tekur að sér að stjórna-sjá um förðun. ° Útvega aðstoðarfólk til að aðstoða við förðun.
- ° Útvega leikara.
- ° Athuga með hvort nóg sé til af förðunarefnum.
- ° Aðstoða til að farða ss. félagsheimili, skóli annað.
- ° Afþreying fyrir þá sem er verið að farða ss. videó.
- ° Útvega mat handa sjúklingum (förðun og æfing getur tekið langan tíma).
- ° Farartæki til þess að aka "sjúklingum"
- ° Eftirlit með sjúklingum á slysstað.

### **Fjöldi farþega:**

- ° Hver tekur ákvörðun um fjölda farþega.
- ° Hver útvegar farþega (leikara).
- ° Hver ákveður fjölda slasaðra vs/óslasaðra.

**Fjölmiðlar:**

- Senda út tilkynningar um væntanlega æfingu til fjölmiðla.
- Lista upp alla staðarfjölmiðlamenn.
- Fá afrit af vídeóefni frá fjölmiðlum.
- Senda fjölmiðlum sem ekki komast efni + myndir af æfingunni.

**Flugvöllurinn:**

- Eru merkingar söfnunarsvæða í lagi.
- Eru merkingar biðsvæða í lagi.
- Eru til búkkar.
- Hvernig er ástand slysakerru.
- Undirbúningur ISA manna (upprifjun,æfingar annað).
- Verkpættir ISA manna í flugslysaáætlun.
- Akstursmerkingar (keilur, staurar, borðar, flögg til stýringar, annað)
- Fjarskipti grund-turn, turn-vettvangsstjórn. Tíðnir á hreinu.

**Fræðsludagar:**

Haldnir 1-2.mánuðum fyrir æfingu eftir því hvort þörf er talin á eða að ósk kemur frá heimamönnum.

Fræðsluerindi sem meðlimir ráðgjafahópsins flytja fyrir viðbragðsaðila viðkomandi staðar. Stundum sjá menn úr ráðgjafahópnum um fræðslu "sinna" manna utan þessa ramma.

- Ákveða fundartíma í samráði við heimamenn.
- Senda út fundarboð.
- Útvega húsnæði fyrir fræðsluna.
- Hver greiðir fyrir húsnæðið.
- Verða veitingar á staðnum. Ef svo á vegum hvers.
- Eru öll kennslugögn til staðar (myndvarpi, tjald, tölva, mikrófónn, annað).
- Eru nægilega margir stólar á staðnum.
- Hver heldur utan um (útvegar) bjargir (kaffi, meðlæti, annað).
- Hver heldur erindi og um hvað.

**Fjarskipti:**

- Er búið að búa til fjarskiptaplan fyrir æfinguna.
- Hver gerir fjarskiptaplanið.
- Eru til talstöðvar fyrir eftirlitshópin.
- Þarf önnur fjarskipti.
- Gefa út samskiptaskrá (sími-talstöðvar) fyrir hverja æfingu.

**Flugturninn:**

- Hefur turn verið upplýstur um akstursleiðir, slyssað, þverun brautar ofl.

**Tryggingar:**

- Hverja tryggjum við.
- Hver gengur frá tilboði í tryggingar og samningum.

### **Flutningur og gisting ráðgjafahóps.**

- Hver heldur utan um ferða og dvalarmál.
- Hvernig ferðast hver og einn í hópnunum.
- Hvar gistir hver og einn.

### **Eftirlitshópurinn(ráðgjafarnir):**

- Hverjir eru í honum.
- Hlutverk hvers og eins.
- Staðsetning hvers á æfingu.
- Einkennisvesti.
- Fjarskipti.
- Vinnuþlan.

### **Flugslýsaáætlun:**

- Þarf að uppfæra flugslýsaáætlun.
- Hver fer yfir hluta ISA.

### **Heimasíða:**

- Á að setja upp heimasíðu.
- Hvar á hún að vistast.
- Umsjónarmaður.
- Efnisflokkun, dagskrá, greinar, myndir, kort.
- Uppfærsla efnis.

### **Slysavettvangur:**

- Við hvaða flugvöll verður slysið.
- Slysasagan, hver semur og gengur frá.
- Akstursleiðir innanvallar. Hver ákveður þær
- Hver ákveður uppsetningu vettvangs.
- Hver sér um uppsetningu vettvangs.
- Hvar á slysstaðurinn að vera, nákvæmlega.
- Efni í "slysið", hver útvegar það:
  - Dekk.
  - Gámar.
  - Rör(td.ræsi).
  - Reykvél.
  - Efni til hindrana (td. bretti í gám, vélarhlutir í gám-rör).
  - Eldsneyti til íkveikju.
- Hver hreinsar og tekur til eftir æfingu.

### **Æfingin:**

- Setning.
- Hvar er hún sett.
- Klukkan hvað hefst hún.
- Hver ákveður hvenær hún hefst.
- Hver gefur merki um að æfingin sé hafin.
- Hvenær líkur æfingunni.
- Hver ákveður hvenær henni líkur.

- Hver ákveður ef gera þarf hlé á æfingu (no play).
- Hver er keyrslustjóri æfingar (æfingarstjóri).

### Ýmislegt:

- Senda tilkynningu til 112, gæslunnar, flugumsjónar, lögreglu um æfinguna (24 klst)
- Það væri hagræði að því að búa til símaskrá með sem flestum stjórnendum.
- Til staðar þurfa að vera góð kort-loftmyndir af slysstað og nágrenni.

### Hressing fyrir alla eftir æfingu (á flugvelli):

- Hver sér um að skipuleggja.
- Ákveða hvaða veitingarverða í boði.
- Hver sér um að semja við einhvern sem sér um framreiðslu veitinganna.

### Boðsgestir á æfinguna:

- Hvaða gestum á að bjóða
- Hver kannar þörfina og gengur frá boði.
- Gerð dagskár fyrir gesti.
- Flutningur gesta (frá td. Rey-svæðinu) hvernig.
- Panta flutningatæki á staðinn ss. flugvél, rútu.
- Afmarka gestasvæði á slysstað.
- Útvega efni til merkinga gestasvæðis.
- Hver á að merkja og hvar verða takmarkanir fyrir gesti.
- Flutningatæki fyrir gesti á milli svæða.
- Matur, snarl fyrir gesti.
- Hver verður "gestgjafi"
- Öryggisvesti fyrir gesti.

### Rýnifundur:

- Hvar er fundurinn haldinn.
- Hvenær er fundurinn haldinn.
- Fyrir hverja er fundurinn.
- Hvað gerist á fundinum.
- Hverjir tala á fundinum.

### Dagskrá rýnifundar

- |                               |                        |
|-------------------------------|------------------------|
| ✓ Almennt /stóra myndin       | - Æfingastjóri         |
| ✓ Upplifun leikara            | - Ráðgjafi             |
| ✓ Aðgerðarstjórn              | - Aðgerðarstjóri       |
| ✓ Leit og björgun             | - Björgunarstjóri      |
| ✓ Sjúkrahjálp-söfnunarsvæði   | - Ajöhlyfningarstjóri  |
| ✓ Lokanir/umferð/talning      | - Gæslustjóri          |
| ✓ Móttaka og flutningur       | - Flutningastjóri      |
| ✓ Stjórn aðgerða á vettvangi  | - Vettvangsstjóri      |
| ✓ Aðstandendur/hjálparstöðvar | - Rauði krossinn       |
| ✓ Fjarskipti/boðanir          | - Neyðarlinan          |
| ✓ Störf flugvallarfólks       | - Starfsmaður Isavia   |
| ✓ Störf viðbragðseininga      | - Ráðgjafar            |
| ✓ Umræður                     | - Orðið laust/umræður  |
| ✓ Næstu skref                 | - Isavia               |
| ✓ Æfingu slitið               | - Umdæmisstjóri Isavia |

## Skýrslur:

- ° Hvernig skýrslur á að gera. Talsmaður starfseininga (sjá þá sem taldir eru upp á dagskrá rýnifundar hér fyrir ofan), flytja stuttar skýrslur (sem þeir vinna með sínum starfshópi) á rýnifundi í lok æfingar. Þeir senda síðan, á rafrænu formi, ýtarlegri skýrslu til Isavia þar sem þeir telja upp nokkur þau atriði sem þeir töldu vel hafa tekist og einnig sem miður tókust. Sú skýrsla er gjarnar ýtarlegri en sú sem sett er fram á rýnifundinum.
- ° Aðgengi hvernar skýrslu. Allar skýrslur eru gefnar út í lokaskýrslu ásamt öllum þeim myndum sem hægt er að komast yfir og tengjast æfingunni. Skýrslurnar eru síðan sendar til allra viðbragðseininga á viðkomandi stað. Einnig er skýrslan aðgengileg á Netinu undir isavia.is (síðan flug og þar undir flugslysæfingar)
- ° Skilafrestur og skila hvert. Ca. 10 dagar frá æfingu.

## Skipting kostnaðar vegna flugslysæfinga (hver borgar hvað).

### Isavia:

- Allur undirbúningur æfinganna og öll eftirvinnsla gagna.
- Kostnaður við kynningarfund (flug, akstur, dagpeningar)
- Æfingardagar:
  - Ferðir ráðgjafa Isavia (4-10 eftir umfangi æfinga).
  - Laun starfsmanna Isavia
  - Dagpeningar starfsmanna Isavia
  - Bílaleigubílar á staðnum
- Útvegum „leikmuna“ bílflök ofl (akstur fram og tilbaka).
- Uppsetning „vettvangs“ .
- Tryggingar þeirra sem leika sjúklinga á æfingunni.
- Hressing fyrir alla þá sem taka þátt í æfingunni (nema leikara).
- Kostnaður við boðsgesti (flutningur, hressing, rúta).

### Ráðgjafar:

Ráðgjafar koma frá (mismunandi eftir umfangi æfinga):

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Landspítalanum, Slökkviliði Akureyrar, Landhelgisgæslunni, Þjóðkirkjunni, Landsbjörgu-landsambandi björgunarsveita, Rannsóknarnefnd flugslysa, Rauða krossi Íslands, Neyðarlínunni, Isavia.

- Ofangreindar stofnanir greiða kostnað vegna síns fólks (laun, dagpeninga, ferðir, annað).

### Viðbragðseiningar á staðnum:

- Björgunarsveitir, Rauða kross deildir, aðrir, greiða sjálfir útlagðan kostnað.

### Viðkomandi bæjarfélag:

- Leggur til aðstöðu fyrir fundarhöld og kennslu (salur).

- Leggur til aðstöðu til förðunnar „sjúklínga“, oft aðstöðu í skóla.
- Akstur leikara út á flugvöll og til baka.
- Pizzur handa leikurum eftir æfingu.
- Kostnaður vegna starfsmanna sem kunna aðkoma að æfingunni.

#### **Lögreglustjóri:**

- Leggur til lögregluþjóna skv. flugslysaáætlun.

#### **Sjúkrahús-heilsugæsla:**

Sé sjúkrahús eða heilsugæsla á staðnum þá hafa þau haft nokkuð sjálfræði hversu mikinn þátt þau taka þátt í viðkomandi æfingu. Allt frá því að senda hjúkrunarfólk til starfa á „slysstað“ og á söfnunarsvæði (flugstöð) upp í allsherjar mönnun sjúkrahúss. Allt eftir því hvað viðkomandi hafa viljað fá út úr æfingunni. Viðkomandi ber hugsanlegan kostnað af af æfingunni.